

**36. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
Þriðjudaginn 8. ágúst 2023, kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Sigurdís Samúelsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

Anna Lind vék af fundi undir þessum lið.

**1. Ákabúð, fráveitumál - 2306011**

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar fráveitumál við Ákabúð.  
Sveitarstjóri hefur kallað eftir frekari upplýsingum.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að skoða kostnaðarmun á rotþró eða útrás.*

*Sveitarfélagið á fráveitulögn 2 metra inn fyrir lóðarmörk og þar tekur lóðarhafi við.*

*Samþykkt*

Anna Lind kemur inn á fund.

**2. Erindi vegna framkvæmda við Aðalgötu í Súðavík - 2305003**

Tekið fyrir erindi frá Birgi Sigfússyni og Söru Lind Þrúðardóttur ódagsett þar sem óskað er eftir að afturkalla framkvæmdir á svæðinu við Aðalgötu 28, 30 og 32 í Súðavík

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að svæðið er skilgreint undir verslun og þjónustu, VP2 í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030. Á þessu svæði er svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn. Framkvæmdin er því í samræmi við skipulag.*

*Jafnframt segir í 44. grein Skipulagslaga: Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Anna Lind tekur ekki undir bókun nefndarinnar og vísar í bréf sitt frá 31. maí sl.*

*Samþykkt*

**3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 882018 - 2307002**

Lagt fram erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 23. júní 2023 er varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæði nr. 88/2018.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

VS. SS [Handwritten signatures]

**4. Styrkvegasjóður - 2307003**

Tekið fyrir erindi frá sveitarstjóra er varðar styrkvegasjóð

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**5. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003**

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag í Reykjanesi, greinargerð og uppdráttur leiðréttur eftir samþykkt innviðaráðuneytisins á undanþágu frá ákvæði gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 varðandi fjarlægðar byggingarreits vistvæns matvælaíðnaðar frá sjó.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

Hulda og Sigurdís víkja af fundi undir þessum lið.

**6. Beiðni um leyfi til jarðvegsframkvæmda við Langeyrarveg 7 - 2308002**

Tekið fyrir erindi frá Björgunarsveitinni Kofra dags. 3. ágúst 2023 er varðar leyfi til jarðvegsframkvæmda við norðurenda hússins við Langeyrarveg 7 og jafnframt eftir heimild til að hafa dósagám við norðurenda hússins.

*Frestað til næsta fundar.*

*Samþykkt*

Hulda og Sigurdís koma inn á fund.

**7. Strengleið, Svarthamar - Hattardalur - 2306012**

Lagðar fram teikningar af lagnaleið Svarthamar - Hattardalur frá Orkubúi Vestfjarða.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir upplýsingum um stærð strengs sem settur verður til Hattardals.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 18:00.


  
\_\_\_\_\_

Anna Lind Ragnarsdóttir


  
\_\_\_\_\_

Hulda Gunnarsdóttir

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
08.08.2023

  
Valgeir Scott

  
Bragi Þór Thoroddsen

  
Sigurdís Samúelsdóttir



